

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um að gjaldfrjálst verði í Strætó fyrir reykvísk ungmenni á grunnskólaaldri

Samstarfsflokkarnir leggja til að gjaldtaka í strætisvögnum, hvort sem er á vegum Strætó bs. eða Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., verði felld niður vegna reykvískra barna á grunnskólaaldri. Það gildi þangað til grunnskólagöngu lýkur. Borgarstjóra er falið, í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið, skóla- og frístundasvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið og Strætó bs. að kostnaðarmeta tillöguna og undirbúa framkvæmd hennar. Tillaga að endanlegri útfærslu verði lögð fyrir borgarráð til staðfestingar þannig að hún geti komið til framkvæmda eigi síðar en 1. maí 2026.

Greinargerð

Það hefur lengi staðið til af hálfu borgarstjórnar að fella niður fargjöld í strætisvögnum fyrir börn á grunnskólaaldri. Með því að fella niður gjaldtöku og auðvelda aðgengi barna og ungmenna að almenningsamgöngum er hægt draga úr skutli sem leggst á foreldra vegna skóla, íþróttaiðkunar og frístundastarfs og það getur dregið úr umferðarálagi. Þar að auki dregur það úr aðstöðumun barna og fjölgar tækifærum þeirra til þess að ferðast um höfuðborgarsvæðið til að stunda nám og leik.

Þar sem málið varðar önnur sveitarfélög þarf að halda áfram samtali við þau vegna útfærslu með það að markmiði að afnema gjaldtöku fyrir öll börn á grunnskólaaldri heildrænt á öllu þjónustusvæði Strætó bs. Á fundi stjórnar Strætó bs. þann 23. janúar sl. voru lagðir fram útreikningar á því hver kostnaðurinn af því að fella niður gjaldtöku fyrir þennan aldurshóp gæti orðið. Samkvæmt fundargerð er gert ráð fyrir að gjaldtaka vegna barna á aldrinum 12-15 ára á öllu höfuðborgarsvæðinu sé í kringum 300 milljónir á ári. Hlutfallið sem legðist á Reykjavíkurborg væri samkvæmt þeim útreikningum rúmlega 167 milljónir. Þó má gera ráð fyrir að sá kostnaður geti verið eitthvað breytilegur eftir því hvort fleiri sveitarfélög taki þátt og eftir því hvernig aðgerðin yrði útfærð.

Þar sem hér er ekki um að ræða endanlegan kostnað er eðlilegt að farið sé í nánara mat og útfærslu áður en hún kemur til framkvæmda. Ljóst er að á skóla- og frístundasviði væri þá hægt að hætta kaupum á strætókortum handa ungmennum og eins er hugsanlegt að í einhverjum tilfellum væri hægt að draga úr umfangi skólaaksturs eða annars aksturs.

Gert er ráð fyrir að framlög Reykjavíkurborgar til Strætó bs., eða Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., eftir því sem við á, hækki til þess að koma til móts við breytinguna þannig að hún hafi ekki áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Mikilvægt er að finna góða lausn að útfærslu og mikilvægt að það sé athugað í samhengi við önnur verkefni borgarinnar, til dæmis mætti skoða tengingu við stafrænt borgarkort. Þar að auki er það jákvætt að börn læri að nota Strætó og venjist honum sem eðlilegum hluta af sínu samgöngumynstri.

Þessi breyting er mikilvæg og góð aðgerð til þess að bæta lífsgæði og fjölga möguleikum og jafna tækifæri fyrir börn í borginni, styðja við barnafjölskyldur og draga á sama tíma úr skutli og umferð.